

Bergmann hefir aldrei haft nein afskifti af því, sem í almanakinu hefir staðið, nema því einu, sem nafn hans hefir staðið við sem höfundar.

Í öðru lagi mótmæli eg því, að nokkur trúarbragðalína hafi verið dregin við upptekning mammaláta eða viðburða í almanakinu undanfarin ár. Eg hefi vanalegast tekið þau úr blöðunum, jafnóðum og þau hafa þar birzt. Nema fyrir árið 1907 varð eg á eftir með það verk vegna annríkis, og fékk til þess mann um haustið að fara í gegn um blöðin, sem var hér á lausum kili, og hafði honum annaðhvort yfirsést með það, eða öllu fremur glat-að handriti af nokkrum mammalátum, sem staðið höfðu í Heimskringlu það ár. Frá því sagði eg yður í jan. 1908 og gat um, að eg mundi taka þau upp í næstu útg. almanaksins (1909), eins og eg gerði. Það hefi eg haft að reglu að gera, þegar eg hefi komist að því að orðið hafa úti einhver mammalát. Annars er oft svo frá mammalátum gengið í blöðunum, að bæði vantar dánardægur og heimili þess látna og nafnið stundum enskt, og mér ekki hægt að fá neinar upplýsingar frekar, og hefi þá stundum slept þeim alveg.

Að mér hafi yfirsést með að geta um stöku viðburði er satt, t. d. um unglings, sem útskrifast hafa af æðri skólum, eins og Þorv. heit. Þorvaldsson, sem þér minnist á. Stundum hefir þess hvergi verið getið, og eg ekkert um það vitað. Það hefir átt sér stað um ungmenni suður í Bandaríkjum oftar en einu sinni. Að Þorbergur Þorvaldsson er í almanakinu nefndur Þorvaldur, er af misgáningi en eigi af illum hvötum. Síera Friðrik gat um hann sama vorið og Þorb. útskrifaðist með loflegri grein ásamt mynd af honum í blaði sínu Breiðabl. Þegar að því er gætt, er sú aðdróttun yðar til séra Friðr., um að hann hafi haft nafn Þorb. rangt í almanakinu til að villa fyrir, eins og þér gefið í skyn, – varhugaverð.

Hvað landnámssögubættina snertir, þá hefir í þeim öllum orðið úti nöfn landnema að meira eða minna leyti. Aldrei hefir, svo eg viti til, nokkur saga fjölniennra mannhópa verið skráð á þann hátt, að nafn hvers einasta manns hafi verið tilgreint. Það yrði skrítin mannkynssaga t. d. með því móti. Og ekki getur